

Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans
Kennsluáætlun í Byrjendalæsi



Til notkunar með Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti
eftir Sigrúnu Helgadóttur og Sólrunu Harðardóttir
Teikningar: Freydís Kristjánsdóttir
Námsgagnastofnun 2009

Hugsuð fyrir 3. - 4. bekk

Sigurlína Jónsdóttir

Námsumhverfi

Með þessu verkefni þurfa að vera til staðar bækur fyrir börn um íslenska þjóðhætti og mannlíf á Íslandi gegnum aldirnar. Aðgangur að bókasafni, hljómflytningtækjum, tölvum.
Einnig venjulegu skólastofu föndurefni s.s. pappír, þykkum pappa, bandi, litum, skærum, lími o.s.frv.

Öll hlustunardæmi eru með tengil á *Youtube* og sum sönglögin. Önnur lög eru stjórnumerkt, * eru „*Syngjandi skóli*” hlustunarefni eftir Þórunni Björnsdóttur, aðgengileg á nams.is; ** bókin „*Söngvasafn Ef væri ég söngvari*” eftir Ragnheiði Gestsdóttur á meðfylgjandi geisladiski; *** má nálgast á tonlist.is gegn gjaldi.

Dæmi um sönglög

[Nú er vetur úr bæ](#) * **
[Sá ég spóa](#) *
[Lóan er komin](#) * **
[Út um mela og móa](#) **
[Vorvindar glaðir](#) * **
Bráðum fæðast lítil lömb
Vorið góða **
Fyrstu vordægur
[Kvæðið um fuglana](#) *Krakkar út kátir hoppa
Sáuð þið hana systur mína
[Smaladrengurinn](#) (Út um græna grundu) * **
Nú skal syngja um
[Afi minn fór á honum Rauð](#)
[Krummi situr á kvíavegg](#)
Ríðum heim til Hóla *

Gekk ég upp á hólinn ***
Kindur jarma í kofunum ***
Magnús raular músin tístir
Runki fór í réttirnar
Ljósíð kemur langt og mjótt ***
[Krummi svaf í klettagjá](#) *
[Þorra þræll](#) (Nú er frost á fróni) *
Faðir þinn er róinn
[Ég þekki Grýlu](#) **
[Það á aðgefa börnum brauð](#) ***
[Álfareið](#) (Stóð ég út í tungsljósi) *
[Nú er glatt í hverjum hól](#) (Álfadans) *
Nú er glatt hjá álfum öllum
[Ólafur liljurós](#)Kirkjuhvoll
[Í Hlíðarendakoti](#) (Fyrr var oft í koti kátt) *

Dæmi um hlustunarefni

[Árstíðirnar](#) – Vivaldi
[Vor](#)
[Sumar](#)
[Vorkoma op. 32](#) (The rustle of Spring) – Sinding
[Vorljóð \(Spring Song\)](#) – Mendelsohn
[Vorsónatan No. 5](#) í F-dúr – Beethoven
[Raddir vorsins](#) (Frueblingsstimmen) op. 410 –
Johann Strauss

[Káti bóndinn op. 68](#) - Schumann
[Summertime](#) – Gershwin
[Árstíðirnar](#) – Vivaldi
[Haust](#)
[Vetur](#)
[Í höll Dofra konungs](#) - (In the Mountain Hall)
Grieg
[Steðjakórinn \(Le Fosche\)](#) – Verdi/Karussell

Markmið

- Að auka lestrarfærni (fjölbreyttan lestur, t.d. skimun, leitarlestur, læra ljóð (söngtexti), og lesa upphátt fyrir aðra).
- Að vinna með stafi og hljóð, sérhljóða og samhljóða ð - þ,
- Auka orðaforða.
- Að efla ritun.
- Að æfa framsögn, tjáningu og söng.
- Efla heyrnæmt og sjónræmt rýni.

Námsmat

Nemendur gefa samnemendum stjórnur fyrir virkni í hópvinnu.

Heimavinna

Fara heim með bókina *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti* og ræða innihaldið við fjölskylduna t.d. afa og ömmu um hvað er líkt og ólíkt á Íslandi í dag og þegar þau voru á ykkar aldri að alast upp.

Upplestur (Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti)

- Höfundar kynntir.
- Bókin skoðuð, forsíða og baksíða og spáð í innihaldið. Einnig velt fyrir sér tengslum hennar við aðrar bækur (Komdu og skoðaðu ...).
- Bókin lesin í heild.
- Hugtök skráðir á töflu (flettistöfluna)
- Ýmsar myndir þar sem þjóðhættir og siðir koma við sögu sýndar

Syngja: **Nú er vetur úr bæ
Sá ég spóa
Lóan er komin
Út um mela og móa**

Hlusta á: **Árstíðirnar** – Vivaldi **Vor**
Vorkoma op. 32 (The rustle of Spring) –
Sinding

Umræður og vinna nemenda í hóp, einslega eða í pörum

- Bókin lesin aftur og ýmis orð skoðuð og skráð á flettistöfluna.
- Orð sem hægt er að skoða eða vinna með (kennari velur úr eftirfarandi upptalningu):

Landbúnaður, heimilisiðnaður, þjóðfélaginnflutningur, seglskip, lífsnauðsynjar, eldsneyti, áhöld, búseta, lífshættir, bæmdasamfélag, þjóðfélag, þjóðhættir, hátíðisdagur, vorverk, húsdýraskítur, mykjuhlöss, trog, vorboði, farfluglar, vorhörkur, vetrarþraut, sauðburður, hafís, áfergja, stínga út, hnausar, flögur, sauðatað, hlóðir, túngarður, smala, hvammur, gróðursæll, stekkur, sauðamjólk, lömb, þoka, bæjarlækur, keyta, hland, ull, grasafjall, óbyggðir, auðtínd, útilegumenn, heyskapur, orf, ljár, hey, engi, tún, sláttur, múgi, baggi, hlaða, tóft, gripahús, þýft, töðugjöld, slægjur, lummur, ráðskona, sel, beita, smali, baðstofa, mjólkurhús, afurðir, trog, undanrenna, rjómi, mjólk, smjör, skyr, strokkur, bulla, strokka, áfir, hnoða, öskjur, sía, mysa, mysuostur, mysuostur, svaldrykkur, sýrukeröld, slátur, smuga, byggingarefni, þilja, staf, afréttur, kvíær, dílkur, reiðtygi, yfirhafnir, mör, vömb, lundabaggar, rjáfur, rúllupylsa, bjúgu, harðfiskur, mjöl, flatkökur, pottbrauð, soðkökur, lummur, vöffllur, kleinur, rúmstokkur, askur, spænir, spónamatur, gærur, kaupstaðarferð, tólgur, skammdegi, kvistur, húsfreyja, jólaguðspjall, vættir, skölgultennur, hrekkjóttur, þjófóttur, sniglast, torfbær, draugur, göng, lýsislampi, fífuhár, hrossaflot, lýsi, tólgarkerti, dagsbirta, ullarreyfi, tog, þel, lagður, kamba, spinna, húslestur, tafl, refsák, mylla, kotra, þulur, ver, róa til fiskjar, dytta að, verbúð, brynna, flór, beitarhús, kver, saggalykt, krossmessa, arður, viðarkol, rekaviður, skeifur, ljár, sylgja, einangrað, siðir, lífshættir, handverk, þjóðtrú,

- **Lykilorð:** Landbúnaður, heimilisiðnaður
Nota meðfylgjandi blað til að skrifa ný orð á (einstaklingsvinna).
- Finna orð í textanum sem innihalda samhljóðin ð-þ: –(ljósrit úr bók, paravinna).

Syngja: **Vorvindar glaðir
Bráðum fæðast lítil lömb
Vorið góða
Fyrstu vordægur**

Hlusta á: **Vorljóð** (Spring Song) – Mendelsohn
Vorsónatan No. 5 í F-dúr – Beethoven
Raddir vorsins (Fruelingsstimmen) op. 410 –
Johann Strauss

1. lota

Höfundar
Bókarkápa
Viðfangsefni(íslenskir
þjóðhættir)
Söngur
Hlustun



Vorkoma op. 32 er verk fyrir einleiks (solo) píanó, samið af norska tónskáldinu Sinding 1896. Það er skrifað sem **stofutónlist** og var ætlað til skemmtunar.

Hlustið og ímyndið ykkur læk sem er í vexti á vordegi þegar snjórinn er að bráðna.

2. lota

Viðfangsefni bókin
*Komdu og skoðaðu íslenska
þjóðhætti*
Lestur
Ný orð
Hugtök
Lykilorð
Samhljóðar ð-þ
Ritun – stafagerð
Hlustun



Sónata er verk fyrir einleikara eða nokkur hljóðfæri oftast í fjórum köflum.



Vals
Vals er iðandi, sveiflandi dans sem pörin snúast um sjálf sig auk þess að ferðast um dansgólfið. Frægustu valsarnir voru samdir af Strauss feðgum á 19. Öld

Lærið að dansa **vals** það er gaman!

Stöðvavinna:

Hóparnir búa til stutta kynningu á gömlu mánuðunum (bls. 4-21) sem þeir skrifa niður í sameiningu og búa til mynd á karton sem lýsir viðkomandi mánuði og festa á prik. Síðan stígur hver hópur fram með sitt spjald og hver og einn í hópnum les eina setningu af samantektinni.

Ef fáir eru í bekk má sameina tvo mánuði á hvern hóp.

- Hópur 1: Harpa
- Hópur 2: Skerpla
- Hópur 3: Sólmánuður
- Hópur 4: Heyannir
- Hópur 5: Tvímánuður
- Hópur 6: Haustmánuður
- Hópur 7: Gormánuður
- Hópur 8: Ýlir
- Hópur 9: Mörsugur
- Hópur 10: Þorri
- Hópur 11: Góa
- Hópur 12: Einmánuður

Syngja: **Kvæðið um fuglana**

Krakkar út kátir hoppa

Sáuð þið hana systur mína

Smaladrengurinn (Út um græna grundu)

Hlusta á: **Árstíðirnar** – Vivaldi [Sumar](#)
[Káti bóndinn op. 68](#) - Schumann
[Summertime](#) – Gershwin

3. lota

Myndræn yfirlýsing

Ný orð

Ritun – stafagerð

Upplýsingaöflun/

Bókasafn/

Tölvur

Hlustun



Djazz

Djazz er upprunnin meðal svartra í Ameríku um 1914. Notaðir eru saxafónar. Sterkur hrynjandi einkennir djasstónlistina og einleikskafar og laglínur sem eru leiknar af fingrum fram (spuni).



Spuni

Spuni er þega tónlistin er búin til um leið og hún er spiluð.



Prufaðu að spinna laglínu í söng.

Stöðvavinna:

Hóparnir gera myndasögu saman um innihald ljóðanna hér að neðan.

Hópur 1: Nú skal syngja um
Hópur 2: Afi minn fór á honum Rauð
Hópur 3: Krummi situr á kvíavegg
Hópur 4: Ríðum heim til Hóla

Syngja: **Nú skal syngja um
Afi minn fór á honum Rauð
Krummi situr á kvíavegg
Ríðum heim til Hóla**

Hlusta á: **Árstíðirnar** – Vivaldi

[Haust](#)
[Vetur](#)

4. lota

Myndraen
yfírfærsla
Ný orð
Ritun – stafagerð
Söngur
Hlustun



Þjóðlag

Þjóðlag er lag sem enginn veit lengur hver samdi svo þjóðin á það saman. Bjarni Þorsteinsson safnaði saman fjölda íslenskra þjóðlag og átti stóran þátt í hve mörg þjóðlög varðveittust. [Þjóðlagasafnið á Siglufirði](#) er reist í minningu hans.

Stöðvavinna:

Hóparnir skrifa orð ljóðanna hér að neðan á litla miða eitt orð á hvern.

Síðan er öllum orðunum ruglað saman, settar eru fjórar merktar skálar eða baukar: nafnorð, lýsingarorð, sagnorð og annað á mitt borðið eða gólfið og hóparnir skiptast á að draga eitt orð og ákveða í hvaða skál eða bauk það á að fara. Í lokin fer kennarinn yfir með nemendum og þau orð sem höfnuðu á röngum stað eru sett aftur í bunka og leikurinn endurtekinn þar til öll orðin rata á réttan stað.

Hópur 1: Gekk ég upp á hólinn
Hópur 2: Kindur jarma í kofunum
Hópur 3: Magnús raular músin tístir
Hópur 4: Runki fór í réttirnar

Syngja: **Gekk ég upp á hólinn
Kindur jarma í kofunum
Magnús raular músin tístir
Runki fór í réttirnar**

Hlusta á: [Í höll Dofra konungs](#) - (In the Mountain Hall)
Grieg

5. lota




Ný orð
orðflokkar
Ritun – stafagerð
Söngur
Hlustun



Berið saman verk Grieg hér til vinstri og Sinding í lotu 1, þeir eru báðir frá Noregi.



Ímyndið ykkur að þið séuð á leið upp í fjöllin í helli tröllanna að ná fjöregginu þeirra. Læðist með langa borða upprúllaða í höndunum. Spennan eykst í tónlistinn eftir því sem þið komist nær hellinu og hún verður háværi, það heitir crescendo < á tónlistarmáli eða með vaxandi styrk. Í lokin vakna tröllin og þið dansið trilltan dans með lausa borðana og forðið ykkur, en sólin skín á tröllin og þau verða að steini og tónlistin stoppar.

<p>Hópvinna:</p> <p>Skipta orðunum í lotu 2 á milli 4- 6 hópa sem þeir skrifa upp á miða og setja í hatt. Síðan draga hóparnir til skiptis miða úr hattinum og flokka á tvö blöð sem eru merkt innanhúss, utanhúss. Næst er innanhúss miðarnir flokkaðir í matvæli/eldhús/afþreying og heyskapur/dýrahald/fiskveiðar.</p> <p>Syngja: Ljósíð kemur langt og mjótt Krummi svaf í klettagjá Þorra þræll (Nú er frost á fróni) Faðir þinn er róinn</p> <p>Hlusta á: Steðjakórinn (Le Fosche) – Verdi/Karussell</p>	<p>6. lota</p> <p>Ný orð Ritun – stafagerð Flokkun Söngur Hlustun</p> <p> Ópera Ópera er leikrit sem er sungið með hljómsveitarundirleik.</p>
<p>Hópvinna:</p> <p>Nemendur leika með látbragði ljóðin: Álfareið, Það á að gefa börnum brauð og Ólafur liljurós. Þeir sem eru ekki að leika syngja.</p> <p>Syngja: Ég þekki Grýlu Það á aðgefa börnum brauð Álfareið Nú er glatt í hverjum hól Nú er glatt hjá álfum öllum Ólafur liljurós Kirkjuhvoll Í Hlíðarendakoti</p> <p>Hlusta á: Það á aðgefa börnum brauð Álfareið</p>	<p>7. lota</p> <p>Látbragð Túlkun Söngur Hreyfing Hlustun</p> <p> Búið til hljóðsögu við ljóðin hér til vinstri og lesið þau. Notið fjölbreytta hljóðgjafa til að gefa ljóðunum áherslu og skapa rétta stemmingu.</p> <p> Hlustið og horfið á myndbrotið úr Fantasíu Disney við dans álfanna úr Hnotubrjótnum eftir Tchaikovsky.</p>
<p>Sýning:</p> <p>Nemendur sýna öðrum bekkjum vinnu sína með gömlu mánuðina og túlkun ljóða. Nemendur gefa hópverkefnum stjórnur.</p>	<p>8. lota</p> <p>Munnleg tjáning Framsaga Hreyfing Hlustun</p>

Þigurlína Jónsdóttir

Söngtextar

Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans



**KOMDU OG SKOÐAÐU
ÍSLENSKA ÞJÓÐHÆTTI**

Nú er vetur úr bæ

Nú er vetur úr bæ,
rann í sefgrænan sæ
og þar sefur í djúpinu væra,
en sumarið blítt
kemur fagurt og frítt
meður fjörgjafar
ljósínu skæra.

Brunar kjöll yfir sund,
flýgur fákur um grund,
kemur fugl heim úr suðrinu heita.
Nú er vetur úr bæ,
rann í sefgrænan sæ,
nú er sumrinu fögnuð að veita.

Jónas Hallgrímsson

Sá ég spóa

Sá ég spóa
suðu'r í flóa,
syngur lóa
út í móa.
Bí, bí, bí, bí.
Vorið er komið
víst á ný.

Lóan er komin

Lóan er komin að kveða burt snjóinn,
að kveða burt leiðindi, það getur hún.
Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.
Hún hefur sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni ekki hót.
Hún hefur sagt mér að vaka og vinna,
vonglaður taka nú sumrinu mót.

Páll Ólafsson

Úti um mela og móa

Úti' um mela og móa
syngur mjúkrödduð lóa
og frá sporléttum spóa
heyrist sprellfjörugt lag.

A-a-a-holdríó-holdría-holdríó-gú-gú
holdríó-holdría-holdríó-gú-gú
holdríó-holdría-holdríó-gú-gú
holdríó-holdría-hó.

Úti' um strendur og stalla
hlakkar stór veiðibjalla.
Heyrið ómana alla
yfir flóa og fjörð.
Holdría.....gú-gú,gú-gú

Hérna' er krían á kreiki,
þarna' er krumminn á reiki.
Börnín léttstíg í leiki
fara líka í dag.
Holdría.....gú-gú, gú-gú, gú-gú

Hljóma lögin við látum;
hæfir lífsglöðum skátum
rómi kveða með kátum
hérna kringum vorn eld
Holdría.....gú-gú, gú-gú, gú-gú, gú-gú.

Ragnar Jóhannesson

Vorvindar glaðir

Vorvindar glaðir
glettnir og hraðir
geysast um löndin,
rétt eins og börn.
Lækirnir skoppa,
hjala og hoppa,
hvíld er þeim nóg
í sæ eða tjörn.
Hjartað mitt litla
hlustaðu á
hóar nú smalinn
brúninni frá.
Fossbúinn kveður,
kætir og gleður.
Frjálst er í fjalladal.

Þýð: Helgi Valtýsson

Bráðum fæðast lítil lömb

Lag: Fyrr var oft í koti kátt

Bráðum fæðast lítil lömb
leika sér og hoppa.
Með lítinn munn og litla vömb
lambagrasíð kroppa.
Við skulum koma og klappa þeim
kvölds og bjartar nætur,
reka þau í húsin heim,
hvít með gula fætur.

Fuglarnir sem flýðu í haust,
fara að koma bráðum.
Syngja þeir með sætri raust,
sveifla vængjum báðum.
Við skulum hlæja og heilsa þeim,
hjartansglöð og fegin,
þegar þeir koma þreyttir heim
þúsund mílna veginn.

Jóhannes úr Kötlum

Vorið góða

Vorið góða, grænt og hlýtt,
græðir fjör um dalinn.
Allt er nú sem orðið nýtt
ærnar, kýr og smalinn.

Kveður í runni, kvakar í mó
kvikur þrastasöngur.
Eins mig fýsir alltaf þó
aftur að fara' í göngur.

Jónas Hallgrímsson

Fyrstu vordægur (Ljósíð loftin fyllir)

Ljósíð loftin fyllir
og loftin verða blá.
Vorið tánnum tyllir
tindana á.

Dagarnir lengjast
og dimman flýr í sjó.
Bráðum syngur lóa
í brekku og mó.

Og lambagrasið ljósa
lítkar mel og barð
og sóleyjar spretta
sunnan við garð.

Þá flettir sól af fjöllumum
fannanna strút.
Í kaupstað verður farið
og kýrnar leystar út.

Bráðum glóey gyllir
geimana blá.
Vorið tánnum tyllir
tindana á.

Þorsteinn Gíslason

Kvæðið um fuglana

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó
ég fugla skar og líka' úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri' í fjarska villtan vængjabyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína himinborna dís,
og hlustið, englar guðs í Paradís.

Davíð Stefánsson

Krakkar út kátir hoppa

Krakkar út kátir hoppa
úr koti' og höll.
Léttfættu lömbin skoppa
um laut og völl.
Smalar í hlíðum húa
sitt hvella lag.
Kveður í lofti lóa
svo léttan brag.

Vetrarins fjötur fellur
þá fagnar geð.
Skólahurð aftur skellur
og skruddan með.
Sóleyjar vaxa' í varpa
og vorsól skín.
Velkomin vertu Harpa
með vorblóm þín.

Margrét Jónsdóttir

Sáuð þið hana systur mína

Sáuð þið hana systur mína
sitja lömb og spinna ull?
Fyrrum átti ég falleg gull;
nú er ég búinn að brjóta og týna.
Einatt hefur hún sagt mér sögu;
svo er hún ekki heldur nísk;
hún hefur gefið mér hörpudisk
fyrir að yrkja um sig bögu.
Hún er glöð á góðum degi
- glóbjart liðast hár um kinn
- og hleypur þegar hreppstjórinn
finnur hana á förnum vegi.

Jónas Hallgrímsson

Smaladrengurinn

Út um græna grundu
gakktu hjörðin mín.
Yndi vorsins undu,
eg skal gæta þín.

Sól og vor ég syng um,
snerti gleðistreng.
Leikið lömb í kring um
lítinn smaladreng.

Steingrímur Thorsteinsson

Nú skal syngja um kýrnar

Nú skal syngja' um kýrnar,
sem baula hátt í kór,
þær gefa okkur mjólkina
svo öll við verðum stór.
Mjólk, mjólk, mjólk, mjólk, mjólk.
Mö mö mö.....

Nú skal syngja' um hænsnin,
sem gagga endalaust,
þau gefa okkur eggín
svo öll við verðum hraust.
Egg, egg, egg, egg, egg,
Ga ga gó.....

Gamlar vísur

Afi minn fór á honum Rauð
eitthvað suður' á bæi,
sækja bæði sykur og brauð,
sitt af hvoru tagi.

Sigga litla systir mín
situr úti' í götu,
er að mjólka ána sín
í ofurlitla fötu.

Krummi situr á kvíavegg

Krummi situr á kvíavegg,
kroppar hann á sér tærnar.
Engan skal hann matinn fá,
fyrir en hann finnur ærnar.
Og tólf vantar ærnar
og tólf vantar ærnar.
Engan skal hann matinn fá
fyrir en hann finnur ærnar.

Krummi situr á kvíavegg,
kroppar hann á sér brýnnar.
Engan skal hann matinn fá
fyrir en hann finnur kýrnar.
Og tólf vantar kýrnar
og tólf vantar kýrnar.
Engan skal hann matinn fá
fyrir en hann finnur kýrnar.

Nú skal syngja' um lömbin,
sem jarma sætt og blítt,
þau gefa okkur ullina
svo okkur verði hlýtt.
Hlýtt, hlýtt, hlýtt, hlýtt, hlýtt.
Me me me.....

Eitthvað tvennt á hné ég hef,
heitir annað Stína,
hún er að láta lítið bréf
í litlu nösina sína.

Krummi situr á kvíavegg,
kroppar hann á sér kviðinn.
Engan skal hann matinn fá
fyrir en hann finnur kiðin.
Og tólf vantar kiðin
og tólf vantar kiðin.
Engan skal hann matinn fá
fyrir en hann finnur kiðin.

Ríðum heim til Hóla

Ríðum heim til Hóla.
Pabba kné er klárinn minn,
kistill mömmu fákur þinn.
Ríðum heim til Hóla.

Ríðum heim að Hofi.
Senn er himni sólin af,
sigin ljós í vesturhaf.
Ríðum heim að Hofi.

Ríðum út að Ási.
Ef við höfum hraðan á
háttum þar við skulum ná.
Ríðum út að Ási.

Guðmundur Guðmundsson

Gekk ég upp á hólinn

Gekk ég upp á hólinn,
horfði ég ofan í dalinn.
Sá ég, hvar hún langhala
lék sér við sauðinn.
Kýr keifaði,
kálfur baulaði,
hestur hneggjaði,
hundur greyjaði,
haninn gól
fyrir miðja morgunsól.

Kindur jarma í kofunum

Kindur jarma í kofunum.
Kýrnar gaula á básunum.
Hestar hneggja í högunum.
Hundar gelta á bæjunum.

Magnús raular

Magnús raular, músin tístir,
malar kötturinn,
kýrin baular, kuldinn nístir,
kumrar hrúturinn.

Gneggjar hestur, gaggar tófa,
geltir hundurinn,
sönglar prestur, syngur lóa,
sífrar skúmurinn.

Gamall húsgangur

Runki fór í réttirnar

Runki fór í réttirnar
ríðandi á honum Sokka.
Yfir holt og hæðirnar
hann lét klárinn brokka.

Ljosið kemur langt og mjótt

Ljosið kemur langt og mjótt,
langt og mjótt, langt og mjótt,
ljosið kemur langt og mjótt,
logar á fífustöngum.
Halla kerling fetar fljótt,
fetar fljótt, fetar fljótt,
Halla kerling fetar fljótt
framan eftir göngum.

Þjóðvísur

Krummi svaf í klettagjá

Krummi svaf í klettagjá
kaldri vetrarnóttu á,
verður margt að meini.
Fyrir en dagur fagur rann
freðið nefið dregur hann
undan stórum steini.

Allt er frosið úti gor,
ekkert fæst við ströndu mor,
svengd er metti mína.
Ef að húsum heim ég fer
heimafrakkur bannar mér
seppi úr sorpi' að tína.

Öll er þakin ísi jörð
ekki séð á holta börð
fleygir fuglar geta.
En þó leiti út um mó
auða hvergi lítur tó.
Hvað á hrafn að éta?

Á sér krummi ýfði stél
einnig brýndi gogginn vel,
flaug úr fjallagjótum,
Lítur yfir byggð og bú
á bæjum fyrir en vakna hjú
veifar vængjum skjótum.

Sálaður á síðu lá
sauður, feitur, garði hjá,
fyrrum frá á velli.
„Krúnk, krúnk! nafnar komið hér,
krúnk, krúnk! Því oss búin er
krás á köldu svelli“.

Jón Thoroddssen

Faðir þinn er róinn

„Faðir þinn er róinn
langt út á sjóinn
að sækja okkur fiskinn
sjóða hann upp á diskinn.
Rafabelti og höfuðkinn
þetta fær hann faðir þinn
í hlutinn sinn.
Það gefur Guð minn.“

Þorrapræll

Nú er frost á Fróni,
frýs í æðum blóð,
kveður kuldaljóð
Kári í jötunmóð.
Yfir laxalóni
liggur klakaþil,
hlær við hríðarbyl
hamragil.

Mararbára blá
brotnar þung og há
unnarsteinum á,
yggld og grett á brá.
Yfir aflatjóni
æðrast skipstjórinn,
harmar hlutinn sinn
hásetinn.

Horfir á heyjaforðann
hryggur búandinn:
„Minnkar stabbinn minn,
magnast harðindin.
Nú er hann enn á norðan,
næðir kuldaél,
yfir móa og mel
myrkt sem hel.“

Bóndans býli á
þjörtum þeytir snjá,
hjúin döpur hjá
honum sitja þá.
Hvítleit hringaskorðan
huggar manninn trautt;
Brátt er búrið autt,
búið snautt.

Þögull Þorri heyrir
þetta harmakvein
gefur grið ei nein,
glíkur hörðum stein,
engri skepnu eirir,
alla fjær og nær
kuldaklónum slær
og kalt við hlær:

„Bóndi minn,
þitt bú betur stunda þú.
Hugarhrelling sú,
er hart þér þjakar nú,
þá mun hverfa,
en fleiri höpp
þér falla í skaut.
Senn er sigruð þraut,
ég svíf á braut.“

Kristján Jónsson

Ég þekki Grýlu (Úr Grýlukvæði Stefáns í Vallanesi)

Ég þekki Grýlu og ég hef hana séð,
;: hún er sig svo ófríðog illileg ;: með.
Hún er sig svo ófríð að höfuðin ber hún þrjú,
;: þó er ekkert minna en á miðaldra ;: kú.
Þó er ekkert minna, og það segja menn,
;: að hún hafi augnaráðin í hverju ;: þrenn.
Að hún hafi augnaráðin eldsglóðum lík,
;: kinnabeinin kolgrá og kjaptinn eins og ;: tík.

Álfareiðin

Stóð ég úti í tungsljósi, stóð ég út við skóg,
stórir komu skarar, af álfum var þar nóg.
Blésu þeir á sönglúðra, og bar þá að mér fljótt,
bjöllurnar gullu á heiðskírri nótt.

Hleyptu þeir á fannhvítum hestum yfir grund,
hornin jóa gullroðnu blika við lund,
eins og þegar álfir af ísa grárri spöng
fljúga suður heiði með fjaðrapyt og söng.

Heilsaði hún mér drottningin og hló að mér um leið,
hló að mér og hleypti hestinum á skeið.
Var það út af ástinni ungu, sem ég ber?
Eða var það feigðin, sem kallaði að mér?

Jónas Hallgrímsson

Það á að gefa börnum brauð

Það á að gefa börnum brauð
að bíta í á jólnum.
Kertaljós og klæðin rauð
svo komist þau úr bólunum.
Væna flís af feitum sauð
sem fjalla gekk á hólunum.
Nú er hún gamla Grýla dauð
gafst hún upp á rólunum.

Nú er glatt í hverjum hól

Nú er glatt í hverjum hól,
hátt nú allir kveði.
Hinstu nótt um heilög jól
höldum álfagleði.

Fagurt er rökkrið
við ramman vætta söng.
:/: Syngjum dátt og dönsum
því nóttin er svo löng. :/:

Kátir ljúflings kveðum lag,
kveðum Draumbót snjalla,
kveðum glaðir Gýgjarslag,
glatt er nú á hjalla.

Fagurt er rökkrið...

Veit ég Faldafeykir er
fáránlegur slagur
og hann þreyta ætlum vér
áður en rennur dagur.

Fagurt er rökkrið...

Síðast reynum Rammaslag.
Rökkva látum betur.
Það hið feiknum fyllta lag
fjörgað dansinn getur.

Fagurt er rökkrið...

Sæmundur Eyjólfsson

Nú er glatt hjá álfum öllum

Nú er glatt hjá álfum öllum,
hæ, faddi-rí, faddi rallala.
Út úr göngum, gljúfrahöllum
hæ, faddi-rí, faddi rallala.

Fyrir löngu sest er sól,
sjaldan eru brandajól.
Hæ, faddi-rí, hæ, faddi-ra,
hæ, faddi-rí, faddi rallala.

Dönsum dátt á víðum velli.
Dunar hátt í hól og felli.
Álfasveinninn álfasnót
einni sýnir blíðuhót.

Dönsum létt með lipra fætur.
Stígum nett um stirndar nætur.
Dönsum blessuð brandajól
björt uns rennur morgunsól.

Höf. ókunnur

Ólafur Liljurós

Ólafur reið með björgum fram,
villir hann, stillir hann.

Hitti'ann fyrir sér álfarann,
þar rauður logi brann.

Blíðan lagði byrinn undan björgunum,
blíðan lagði byrinn undan björgunum
fram.

Þar kom út ein álfamær,
sú var ekki kristni kær.

Þar kom út ein önnur,
hélt á silfurkönnu.

Þar kom út hin þriðja,
með gullband um sig miðja.

Þar kom út hin fjórða,
hún tók svo til orða:

„Velkominn Ólafur Liljurós!
Gakk í björg og bú með oss.“

„Ekki vil ég með álfum búa,
heldur vil ég á Krist minn trúa.“

„Bíddu mín um eina stund,
meðan ég geng í grænan lund.“

Hún gekk sig til arkar,
tók upp saxið snarpa.

„Ekki muntu svo héðan fara,
að þú gjörir mér kossinn spara.

“Ólafur laut um söðulboga,
kyssti frú með hálfum huga.

Saxinu hún stakk í síðu,
Ólafi nokkuð sviður.

Ólafur leit sitt hjartablóð
líða niður við hestsins hóf.

Ólafur keyrir hestinn spora
heim til sinnar móðurdyra.

Klappar á dyr með lófa sín:
„Ljúktu upp, kæra móðir mín.“

„Hví ertu föstur og hví ertu fár,
eins og sá með álfum gár?“

„Móðir, ljáðu mér mjúka sæng.
Systir, bittu mér síðuband.“

Ei leið nema stundir þrjár,
Ólafur var sem bleikur nár.

Vendi ég mínu kvæði í kross
sankti María sé með oss.

Þjóðkvæði

Kirkjuhvoll

Hún amma mín það sagði mér: „Um sólarlagsbil
á sunnudögum gakk þú ei Kirkjuhvols til.
Þú mátt ei trufla aftansöng álfanna þar,
þeir eiga kirkju' í hvolnum og barn er ég var
í hvolnum kvað við samhljómur klukkanna' á kvöldin.“

Hún trúði þessu' hún amma mín, ég efaði ei það
að allt það væri rétt er hún sagði' um þann stað.
Ég leit því jafnan hvolsins með lotningu til
og lék mér ei þar nærri, um sólarlagsbil.
Ég þóttist heyra samhljóminn klukkanna' á kvöldin.

Guðmundur Guðmundsson

Í Hlíðarendakoti

Fyrr var oft í koti kátt,
krakkar léku saman,
þar var löngum hlegið hátt,
hent að mörgu gaman.
Úti' um stéttar urðu þar
einatt skrítnar sögur,
þegar saman safnast var
sumarkvöldin fögur.

Eins við brugðum okkur þá
oft á milli bæja
til að kankast eitthvað á
eða til að hlæja.
Margt eitt kvöld og margan dag
máttum við í næði
æfa saman eitthvert lag
eða syngja kvæði.

Bænum mínum heima hjá
Hlíðar brekkum undir
er svo margt að minnst á,
margar glaðar stundir.
Því vill hvarfla hugurinn,
heillavinir góðir,
heim í gamla hópinn minn,
heim á fornar slóðir.

Þorsteinn Erlingsson

Helstu hugtök, frum- efnis og leikniþættir tónlistar

Leiðbeiningar fyrir umsjónarkennara þegar
samþætta á tónlist við aðrar námsgreinar



Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans
Fyrir nemendur á yngsta stigi

Þigurlína Jónsdóttir

Hér að neðan fara einfaldar skýringar á helstu þáttum tónlistar sem umsjónarkennari getur huga að við sæmþættingu tónlistar við aðra námsgreinar barna á yngsta stigi:



Hlustun

Kennarar þurfa að skapa tónlistarvænt afslappað umhverfi t.d. púðakrók. Þar fá nemendur að hlusta á fjölbreytta tónlist og fá að bregðast við henni með því að hreyfa sig, klappa, dansa eða leika á ásláttarhljóðfæri t.d. hristur eða litlar handtrommur eða hljóðfæri sem börnin hafa búið til sjálf eða fundið í náttúrunni t.d. steina, trjábúta, skeljar o.s.frv.

Ung börn hafa stutt úthald eigi aðeins að hlusta sér til ánægju. Þau þurfa tengingu við eitthvað eða ástæðu fyrir því af hverju þau eru að hlusta og eftir hverju þau eiga að hlusta t.d. ákveðnu hljóðfæri eða breytingu í hrynn(takti), styrkleika (sterkt eða veikt) eða blæ (gleði, sorg, reiði). Mörg tónverk fela í sér sögu eða ævintýri sem kveikja löngun barnanna til sköpunar t.d. að teikna, mála, móta sögupersónur eða sýna látbragð. Með æfingunni eykst úthaldið og ánægjan og tónlistarupplifunin verður kveikjan að frjóu skapandi skólasterfi. Velja þarf fjölbreytta tónlist með og án orða frá sem flestum menningarheimum.



Söngur

Söngur fylgir allri menningu og er sjálfsprottinn og byrjar sem hjal og söngl með eða án orða. Börn söngla þegar þau leika sér og syngja með eða án orða í leik ein eða með öðrum. Oft söngla þau hendingar í leik t.d. „þú getur ekki náð mér“ eða tauta við sjálf sig þegar þau eru að dunda sér við eitthvað. Þetta getur verið upphaf af því að búa til lög og þarf að hlúa vel að með nærfærni. Velja þarf texta sem hæfa aldri og þroska barnanna og þeim hugarheimi sem þau hrærast í. Í sæmþættingu er mikilvægt að textinn eða heiti lagsins tengist á einhvern hátt viðfangsefninu í sæmþættingunni. Velja þarf tónhæð sem hæfir barnsröddinni og hafa ber í huga að þeim liggur hærra rómur en okkur fullorðna fólkinu. Gefa þarf góðan gaum að innihaldi textans, túlkun hans og stíltegund þegar sungið er. Þú syngur ekki gleðisöng með fýlusvip.

Velja þarf stutt lög fyrir yngstu börnin með ekki of vítt tónsvið þ. e. fer ekki mjög djúpt niður eða hátt upp. Kennarinn þarf að velja lög sem honum finnast áhugaverð þannig að hann smiti nemendur með áhuga sínum. Hann þarf að ná augnsambandi við nemendur þegar hann er að kenna lögin þannig að nemendur

finni og sjá áherslur í svipbrigðum hans. Gott er að leyfa nemendum að klappa púlsinn um leið og lögin eru lærð og hreyfa sig.



Hreyfing

Hvetjið nemendur til að hreyfa sig frjálst þegar þeir syngja eða hlusta á tónlist. Seinna þegar nemendum er eiginlegt að hreyfa sig í takt við tónlistina má bæta dansi við og í framhaldinu hvetja nemendur til að búa til dans við ákveðna hentuga tónlist. Langir borðar og blöðrur sem þau hreyfa hjálpa börnum oft til að koma sér af stað. Aðstoðið börnin við að finna hvernig mismunandi líkamspartar framleiða mismunandi hljóð t.d. með höndum, fótum, fingrum og handleggjum og einnig mismunandi leiðir að koma sér á milli staða t.d. hlaupa, hoppa, renna, ganga o.s.frv. Það þarf að hjálpa þeim að finna púlsinn í tónlistinni með því t.d. að klappa taktinn, ganga taktinn eða slá á ásláttarhljófæri. Hjálpa þeim að líkja eftir fyrirbærum í umhverfinu t.d. skýjum, rigningu, vindi, stormi til að túlka tónlist. Afmarka þarf svæðið þar sem börnin hreyfa sig, það má hvorki vera of lítið eða fullt af hlutum sem hægt er að rekast á eða of stórt þannig að það bjóði upp á hlaupalæti. Nemendur æfast í að bregðast við breytingum í tónlistinni s.s. hraða, styrkleika og blæbrigðum.




Hljóðfæraleikur

Hafið smá safn af ásláttarhljóðfærum við höndina, handtrommur, stafi, fingrasmellur og hristur og einnig hljóðgjafa sem börnin hafa útbúið sjálf. t.d. má nota sírópsdósir með mismunandi innihaldi, baunir, hrísgrjón, hveiti, skopparabolta, glerperlur, tréperlur o.s. frv. (ekki of mikið í hvern bauk). Litlar plast gosflöskur eru skemmtilegar og hægt að setja í þær mismunandi skemmtilega smáhluti s.s. marglitar perlur eða pappírsklemmur, tölur, smápeninga o.s.frv. Steinar, skeljar og ýmis eldhúsáhöld og verkfæri eru oft góðir hljóðgjafar. Einnig eru alltaf börn í bekknum sem eru að læra á hljóðfæri í tónlistarskólunum og kjörið tækifæri að fá þau til að spila á sitt hljóðfæri eða á málms- eða tréspil séu þau til staðar og félagarnir spili púlsinn (taktinn) með. Algengustu takttegundir eru tví-, þrí- eða fjórskiptur taktur og er þá klappað einn-tveir; einn, tveir, þrír; eða einn tveir, þrír- fjór og alltaf höfð áhersla á einn. Bæði í söng og hljóðfæraleik koma fyrir hraða- og styrkleikahugtök eins og hægt (largo)/hratt (allegro), sterkt (f)/veikt (p) og fjöldi ítalskra orða sem tákna form, blæ eða hughrifin sem laginu eða tónsmíðinni er ætlað að ná.



Sköpun

Tónlist og hreyfing eru góður grunnur til að styðja við sköpunarkraftinn í börnum. Börn hafa fjórugt ímyndunarafl og þurfa rými til að gera tilraunir með hina ýmsu hljóðgjafa bæði hefðbundna og óhefðbundna. Oft má kynda undir sköpunarkraftinn og sýna þeim leiðir hvernig hægt er að kanna hljóðheiminn t.d. með því að fá þeim pappírslað og spyrja: „ Hvað geturðu fengið mörg mismunandi hljóð úr pappírslaði?“ t.d. krumpa, rífa, sveifla o.s.frv. Hvetjið börnin til að búa til dansspor við tónlist og einnig semja eigin lög eða tónverk eða hljóðverk t.d. við sögur eða ljóð. Upplagt er að kanna hljóðumhverfið t.d. á skólalóðinni, renna priki eftir járnrimlahandriði eða girðingu, slá í öskutunnur, járnror í ljósastaura o.s. frv. Einnig að hlusta eftir umhverfishljóðum eins og rigningu, vindi, sjávarnið, bílahljóðum, fólki að tala saman eða börnum að leik. Þetta gerir þau næmari fyrir því að skynja umhverfið og tónlistina og þeirri fegurð sem í henni býr.



Lestur - ritun

Börn þurfa ekki að vera læs á nótur til að geta fært tónverkin sín í letur. Letrið þarf að sýn tvennt hvort tónninn fer upp eða niður og hvort hann er stuttur eða langur. Börnin geta t.d. gert mislöng strik eftir lengd tónanna og tröppur eða strik sem vísa upp á við eða niður á við í samræmi við hreyfingu laglínunnar. Þetta hjálpar þeim að muna tónverkið sem þau eru að skapa. Einnig geta nemendur sýnt styrkleikabreytingar með vaxandi styrk (crescendo) < og dvínandi styrk (diminuendo) > með þessum viðurkenndu táknum sem þau þekkja líka úr stærðfræðinni sem meira en og minna en og auðvelt er að teikna.

Inn í hvern og einn þessara þátta falla svo **laglína, púls, hrynur(taktur), hljómur, styrkur, blær, form og stíll.**



Hlutverk kennarans

Hlutverk kennarans er að skapa frjóan jarðveg og vera opinn og styðjandi í tónlistarupplifun með nemendum sínum.

Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti -vinnublöð-

Komdu og skoðuðu íslenska þjóðhætti - Lykilorð



LANDBÚNAÐUR

--	--	--

--	--	--


--	--	--

--	--	--

--	--	--

--	--	--

Komdu og skoðu íslenska þjóðhætti - Lykilorð



HEIMILISÍÐNAÐUR

Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti - orðasúpa



N O R Ð U R P Ó L L L V L S N
 V A R E H N I L E I Ð S Í G N
 Í E B Ú S E T A Ó Þ Þ P F F R
 V R R A A L Ð Þ Ð E E P S N V
 I U A B M Y K J A Y Y G H K O
 N M A E Ú G U Ó V G T Ö Æ A R
 S O L L L Ð U Ð Þ Ö A T T S B
 T F R P Í I J F U S Æ V T S O
 R R V E R A Ó É R K K U I I Ð
 I I B R Ð M U L R J T N R A I
 L A N D B Ú N A Ð U R N A F T
 S P K U L A F G A R O M M M A
 S P Ó N A M A T U R G J Í A Ð
 G E M L G H N A T O R F B Æ R
 S U Ð U R P Ó L L H L Ó Ð I R

Finndu orðin:

LANDBÚNAÐUR	MYKJA	ÖSKJUR
ÞJÓDFÉLAG	VORBOÐI	SPÓNAMATUR
BÚSETA	HLÓÐIR	TORFBÆR
LÍFSHÆTTIR	TROG	VERBÚÐ

Komdu og skoðu íslenska þjóðhætti - orðaskuggar




Finndu skuggann af orðunum hér fyrir neðan:

Þjóðfélag, lífshættir, hlóðir, búseta, spónamatur, trog, verbúð

Mat

Nemendur lita stjörnur og plasta og geyma hjá sér. Síðan rétta þeir upp viðeigandi stjörnu þegar þeir eru beðnir að meta vinnu félaga sinna, sína eigin eða hópsins. Síðan krossar nemandinn í réttan dálk á stjörnumatsblaðið, þ.e. ef hann fær mjög gott setur hann x í dálkinn lengst til vinstri.

Mat - Stjörnur

	<p>Mjög góð vinna!</p>
	<p>Góð vinna!</p>
	<p>Þú getur gert betur!</p>

